

Til sveitastjórna í Árnes- og Rangárvallasýslu

14. maí 2019

Samkvæmt lögum um orlof húsmæðra, eiga þær konur rétt á að sækja um orlof sem veita eða hafa veitt heimili forstöðu, án launagreiðslna fyrir það starf. Samkvæmt 5. gr. laga kemur fram að „til þess að standa straum af kostnaði við orlof húsmæðra skal sveitarsjóður leggja árlega fram fjárhæð“.

Upphæð orlofsgreiðslu fyrir árið 2019, miðast við íbúafjölda 1. janúar 2019 skv. upplýsingum af heimasíðu Hagstofu Íslands. Talan sem reiknað er út frá, árið 2019 er kr. 113.-

Í samræmi við 11. gr. laga um orlof húsmæðra er orlofsnefndum skylt að senda Velferðarráðuneyti og viðkomandi sveitarfélögum árlega skýrslu um starfsemi sína ásamt reikningum.

Meðfylgjandi bréfi þessu er reikningur til þeirra sveitarfélaga í Árnes- og Rangárvallasýslu sem greiða skulu orlof, skýrsla um starfsemi orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu, ársreikningur fyrir árið 2018 og yfirlit yfir greiðslu allra sveitarfélaga sem greiða skulu í Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu.

Með vinsemd og virðingu



Anna Kr. Ásmundsdóttir

gjaldkeri orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu

Afrit af bréfi þessu sent til:

Kvenfélagasambands Íslands
Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Sambands sunnlenskra kvenna
Velferðarráðuneytis

ÁRBORG	
Brnr: 02.93	Mótt: 16/5 '19
Ábm: J.G.	Mnr: 905283

Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu
Dagbók 2018

	Gjöld	Tekjur	fylgiskjal
greitt f. konur af öðru orlofssvæð 2017		90.000	1
greiðsla frá sveitarfélögum		2.332.326	2
innborguð staðf.gjöld		1.800.000	3
vextir af reikn. 300902		21.840	4
vestir af reikn. 175		145	5
vextir af minningarsj. 380945		4.348	6
		4.248.659	
Endurgr. satðfestingargjald	30.000		7
akstur - rúta I -	90.000		8
akstur - rúta II	240.000		9
hótel	3.288.000		10
Skutlarar, bingó	23.500		11
veitingar Húsafelli	82.010		12
sundferðir x 37x300.-	11.100		13
Safnahúsið - 51x800.-	40.800		14
Landnámssetrið - 35x1.300.-	45.500		15
Sýning Hvanneyri	50.000		16
Skemmtun - lokakvöld	85.000		17
Spilavist og bingó - Framköllunarpj. Borgarnesi	10.440		18
Spilavist og bingó - Sjafnarblóm	6.246		19
Spilavist og bingó - Vax ehf. Selfossi	4.020		20
Spilavist og bingó - Freistingasjoppa	12.300		21
Spilavist og bingó - Pier Selfossi	2.500		22
Auglýsing í Búkollu	17.608		23
Auglýsing í Búkollu	23.023		24
Auglýsingar í Dagskránni	87.512		25
Ýmis ritföng - A4 Selfossi	4.871		26
Fundur - veitingar Kaffi Krús	6.900		27
Fundur - veitingar Kaffi Krús	12.680		28
Íslandspóstur	2.700		29
Fjármagnstekjuskattur af minningarsj. 380945	957		30
Fjármagnstekjusk. af reikn. nr. 300902	4.804		31
Fjármagnstekjusk. af reikn. nr. 175	31		32
Bankakostnaður v. innh .	290		33
dráttarvextir - 34	2.100		34
framleiðslugjald debetskorts	1.200		35
árgjald debetskorts	580		36
þjónustugjald	888		37
	4.187.560		

Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu

Rekstrarreikningur 2018

	Gjöld	Tekjur
endurgr. staðf. gjald	30.000	
akstur	330.000	
orlofsdvöl samanlagt	3.661.416	
auglýsingar	128.143	
ritföng, póstur, fundir	27.151	
fjármagnstekjuskattur	5.792	
bankakostnaður	2.958	
dráttarvextir	2.100	
frá sveitarfélögum		2.332.326
konur greiða		1.800.000
greitt f. konur af öðru orlofssvæði v. 2017		90.000
vextir af reikn nr.300902		21.840
vextir af reikn nr.175		145
vextir af minningarsj. 380945		4.348
Heildargjöld og tekjur	4.187.560	4.248.659
Hagnaður	61.099	
	Staða 1.1.18	Staða 31.12.18
Efnahagsreikningur 31/12 2018		
Eignir:		
Minningarsjóður Halld.Guðm. nr. 380945	279.511	282.902
Markaðsreikningur nr. 300902	131925	216.157
Tékkareikningur nr. 175	242551	199.527
Sjóður		16.500
Eignir alls:	653.987	715.086
Höfuðstóll frá fyrra ári	653.987	
Hagnaður	61.099	
Eigið fé alls:	715.086	715.086

7.3.2019

Reikningur orlofsmæðra
hafa verið gífurlega
og teljast réttir

Kristján Þorvaldsson
Skráður Þjórnvaldi

Orlof húsmæðra í Árnesh- og Rangárvallasýslu 2018

Orlofsnefnd í Árnesh- og Rangárvallasýslu, hélt fjóra fundi v. orlofs 2018. Fundað var á Selfossi og í Borgarnesi á meðan á ferð stóð. Á milli funda er notast við tölvupóstsamskipti. Vinna nefndarinnar felst í að skipuleggja orlof að hausti; hvert skuli fara og hvenær, fá tilboð í hótél, rútur og alla afþreyingu á dvalarstað. Nefndin skipuleggur ferðir á meðan á dvöl stendur, sér um að útvega vinninga fyrir spilakvöld og bingó. Jafnframt sér nefndin um öll samskipti við sveitarfélögin sem greiða í orlofssjóðinn.

Orlof húsmæðra var að þessu sinni haldið í Borgarnesi, dagana 7. – 12. október. Mikil ásókn var í ferðina frá fyrstu auglýsingu og voru tæplega 10 konur um tíma á biðlista. Miðað var við að fara með 70 konur.

Þegar upp var staðið og komið að brottför, var biðlisti tæmdur og fjórar hættu við, svo í lokin voru það 66 konur sem fóru í orlofið, 45 konur úr Árneshýslu og 21 úr Rangárvallasýslu.

Sunnudaginn 7. okt. var tæplega 60 konum safnað saman frá Hvolsvolli að Hveragerði en nokkrar konur fóru á bíl. Gist var á Hótél Borgarnesi.

Orlofsnefnd samdi við Safnahúsið, Landnámssetrið og sundlaug Borgarness fyrir hönd allra orlofskvenna og fengu þær frían aðgang að þessum stöðum. Nær allar nýttu sér að skoða Safnahúsið, um helmingur fór á Landnámssetrið og tæplega fjörutíu voru heimsóknirnar í sundlaugina.

Spilað var bingó eitt kvöldið og einnig var spilakvöld. Konur voru duglegar að fara á kaffihúsið sem var í nágrenni hótelsins og sátu þar og þrjónuðu og spjölluðu en hótelið bauð einnig upp á fyrirtaksaðstöðu til að sitja saman og spjalla eða sinna öðru.

Spákona/miðill kom í heimsókn einn daginn. Silfursmiður seldi vörur sína og sýndi og gaf jafnframt aðalvinning á bingóið. Kirkjan var opnuð fyrir okkur einn daginn og nýttu margar konur sér að skoða hana. Dagarnir liðu hratt og veðrið lék við okkur.

Fjórar konur voru fengnar til að vera skutlarar og nýttu margar konur sér þá þjónustu en staðsetning hótelsins er í nokkurri fjarlægð frá miðbænum og því var brugðið á það ráð að fá þær konur, sem höfðu bíla til umráða, til að skutla þeim konum sem erfitt eiga um gang til að þær gætu sinnt ýmsum erindum s.s. í banka, apóteki og verslun.

Farið var í dagsferð þar sem fyrst var komið við á Hvanneyri. Þar var bæði farið á landbúnaðarsafnið, sýninguna „Konur í landbúnaði í 100 ár“ og síðan tók Guðrún í Spunahúsinu, sem er staðsett við Andakílsvirkjun, á móti okkur í gamla íþróttahúsinu á Hvanneyri og sýndi okkur og sagði frá sinni framleiðslu og jurtalitun. Drukkið var miðdegiskaffi í Húsafelli og á leiðinni heim var komið við í Kraumu (Deildartunguhver) þar sem vel var tekið á móti okkur.

Síðasta kvöldið var hátíðarkvöldverður og skemmtiatriði. Við fengum ungan tenórsöngvara ásamt undirleikara, til að syngja nokkur undurfalleg lög og eftir það kom trúbador og hélt uppi stemmningu fram eftir kvöldinu.

Formenn orlofs húsmæðra í Árnesh- og Rangárvallasýslu eru;
Sigurrós Helga Ólafsdóttir, Þorlákshöfn, fyrir hönd Árneshýslu
Þórunn Ragnarsdóttir, Reiðholti, Hellu, fyrir hönd Rangárvallasýslu

Íbúafjöldi miðast við 1. janúar 2019 skv. upplýsingum hjá Hagstofu

	Íbúafjöldi	viðmiðunartala	heildarupphæð
Árborg	9485	113	1.071.805
Flóahreppur	667	113	75.371
Bláskógabyggð	1121	113	126.673
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	626	113	70.738
Grímsnes- og Grafningshreppur	493	113	55.709
Sveitarfélagið Ölfus	2153	113	243.289
Hveragerðisbær	2628	113	296.964
Hrunamannahreppur	786	113	88.818
Rangárþing ytra	1636	113	184.868
Rangárþing eystra	1924	113	217.412
Ásahreppur	248	113	28.024
			2.459.671